

## **5. fundur stjórnar AP**, starfsárið 2019-2020

haldinn í Skúlagarði þriðjudaginn 19. nóvember 2019 kl. 11:00.

Mætt: Aðalsteinn Árni Baldursson, Elías Pétursson, Helena Eydís Ingólfssdóttir, Jóna Björg Hlökkversdóttir og Pétur Snæbjörnsson. Einnig sat Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri fundinn og ritaði fundargerð.

### **Á fundi gerðist þetta:**

Formaður stjórnar, Elías Pétursson, setti fundinn og stjórnaði honum.

### **1. Fulltrúaráðsfundur – undirbúningur og afgreiðslutillaga stjórnar**

Formaður gerði grein fyrir stöðu sameiningarferilsins, þ.m.t. að aðalfundur Eyþing sem fram fór 15. nóv. sl. samþykkti tillögu stýrihóps um sameininguna, drög að samþykktum og önnur framlögð gögn er sameininguna varðar. Hið sama gerði aukaaðalfundur Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar sem haldinn var í gær.

Þá kynnti formaður og fór yfir drög að afgreiðslutillögu stjórnar til fulltrúaráðsfundarins. Var efni hennar og fyrirbyggjandi gögn, þ.m.t. drög að samþykktum nýrra samtaka rædd. Fram komu ýmsar athugasemdir við drög að samþykktum einkum ákvæði um dagskrá þinga og verkskiptingu stjórnar.

Aðalsteinn Árni Baldursson gerði grein fyrir þeirri afstöðu sinni að hann væri alfarið á móti því að þessu sameiningarferli yrði fram haldið og gæti þ.a.l. ekki stutt tillögu að afgreiðslubókun sem fæli það í sér. Þá gerði hann grein fyrir bókun stjórnar- og trúnaðarmannaráðsfundar Framsýnar sem lögð verður fyrir fulltrúaráðsfundinn, en þar er alfarið er lagst gegn sameiningunni.

Að umræðu lokinni voru gerðar ákveðnar efnislegar breytingar á afgreiðslutillögunni sem meirihluti stjórnar samþykkti að leggja svo breytta fyrir fulltrúaráðsfundinn.

### **2. Önnur mál**

Ekkert bókað undir þessum lið.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:10